

**Mál nr. 30/2014**  
**M og**  
**V v. slysaftryggingar eiganda og ökumanns bifreiðarinnar A**

**M missti stjórn á bifreið sinni í hálfu og hún lenti á staur þ. 2.2.2011**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 27.1.2014 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. 10.2.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2.

**Málsatvik.**

M segir að hann hafi misst stjórn á bifreið sinni í hálfu, hún snúist í hringi, farið upp á umferðareyju og lent á staur og hann orðið fyrir meiðslum. M krefst bóta úr slysaftryggingu eiganda og ökumanns A og telur að PC-Crash forritið sem V hafi notað hafi takmarkað upplýsingagildi í tilvikum eins og þeim sem hér ræðir um. M segist almennt hafa verið heilsuhausur og ekki leitað til læknis vegna stoðkerfisvanda fyrr en eftir slysið. M telur ljóst að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn þá vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 107/2009. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að M hafi orðið fyrir nokkru tjóni af völdum umferðaróhappans. V bendir á að fyrir liggja niðurstaða dómkvaddra matsmanna, sem M hafi sjálfur kvatt til, um að M hafi ekki orðið fyrir tímabundnum eða varanlegum afleiðingum af völdum atviksins og því mati hafi ekki verið hnekk.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir matsgerð dómkvaddra matsmanna dags. 20. október 2013, sem voru dómkvaddir að beiðni M. Niðurstaða matsins er sú að tímabundið atvinnutjón M telst ekkert vera og þjáningatímabil telst ekkert vera auk þess sem M búi ekki við varanlegt heilsutjón vegna afleiðinga umferðarslyssins þ. 2.2.2011. Þessu mati hinna dómkvöddu matsmanna hefur ekki verið hnekk og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu eiganda og ökumanns bifreiðarinnar A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu eiganda og ökumanns bifreiðarinnar A.

Reykjavík 4.3.2014

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.